



## Línulegir hryggir

ESP\_033902\_2125

Þunnir, beinir og bugðóttir hryggir finnast víðsvegar á Mars. Slíkir hryggir geta myndast með ýmsum hætti. Ár sem renna undir jöklum bera með sér berg og sand sem getur myndað upphleyptan hrygg, það sem kallast malarás, þegar jöklarnir hörfa. Stundum límist sandur í árfarvegum saman svo síðar meir, þegar áin er horfin, veðrast lausari jarðvegur í kringum farveginn fremur, þannig að gamli árfarvegurinn stendur eftir.